



SEYÐISFJARÐARSKÓLI

- Í hverju barni býr fjársjóður -

Kennsluáætlun 2019-2020

Fag: Náttúru- og samfélagsgreinar

Bekkur/samkennsluhópur: 3.-4. bekkur

Kennari/kennarar: Arna Magnúsdóttir

Fjöldi kennslustunda í faginu á viku: 5,5 (3 í nátt og 2,5 í sam)

Fjöldi kennslustunda í faginu yfir árið: U.þ.b. 198

Tímabil: Allt skólaárið

Efni/þema sem tekið er fyrir:

Landnámið, land og þjóð, saga mannkyns, fjöll, trúarbrögð.

Mögulega bætist fleiri efnisþættir er líður á skólaárið

Markmið að nemendur tileinki sér ákveðna þekkingu (lykilorð)

Komdu og skoðaðu landnámið

Markmiðið er að nemendur átti sig á að:

- Ísland hefur ekki alltaf verið til
- Ísland er eyja langt frá öðrum löndum sem hefur hefur áhrif á hvaða lífverur eru á landinu
- lífverur bárust til landsins á ýmsa vegu og enn eru nýjar tegundir að bætast við
- náttúran tekur sífelldum breytingum bæði af eigin völdum og af völdum manna
- í jarðlögum má lesa jarðsögu landsins
- þjóðin er tiltölulega ung og þekkir sögu sína að nokkru leyti frá upphafi
- landnámsmenn námu and eftir sérstökum regum
- menn móta og breyta náttúrunni þegar þeir nýta hana
- fornminjar gefa vísbendingar um líf og störf fólks áður fyrr
- atvinnuhættir landsmanna hafa mikið breyst og ein stétt manna eru vísindamenn sem ma.a. grafa upp atburði úr sögu lands og þjóðar

Komdu og skoðaðu land og þjóð

Meginmarkmið efnisins eru að:

- **Kynna landið Ísland**
 - loftslag
 - landslag; hálendi og láglendi
 - byggð; dreifbýli, þéttbýli, óbyggðir
 - nokkra náttúru- og sögustaði; Reykjavík, Þingvelli, Gullfoss, Geysi

- **Segja frá eldvirkni á Íslandi**
 - Orsökum eldvirkni; flekaskil
 - afleiðingum; eldgosum, jarðhita
- **Fjala um Íslendinga fyrr og nú**
 - félagslegt umhverfi; fjölskyldu, samfélagið, reglur, lög
 - menningu; þjóðsögur, þjóðlög, þjóðbúninga
 - sögu; landnám, sjálfstæði
 - nöfn nokkurra merkra Íslendinga
 - þjóðtákn; þjóðhátíðardag, þjóðsöng, þjóðfána, skjaldarmerki
 - stjórnskipulag; Alþingi ríkisstjórn, forseta
- **Skoða tengsl Íslands og Íslendinga við önnur lönd og þjóðir**
 - stöðu Íslands á hnettinum jörð
 - uppruna Íslendinga fyrr og nú
 - viðskipti Íslendinga við aðrar þjóðir
- **læra um náttúrulega ferla og ræða landnýtingu**
 - aðlögun, þróun
 - hringrás vatnsins
 - skipulag á landi
 - nýtingu jarðvarma og vatnsorku
 - nátturuvernd, þjóðgarða
- **þjálfá nemendur í að lesa, hlusta og tileinka sér**
 - sögutexta og fræðilegan texta

Komdu og skoðaðu fjöllin

Markmiðið er að nemendur:

- þekki hvað fjöll eru og geti nafngreint nokkur íslensk fjöll
- átti sig á hvernig fjöll eru sýnd á landakorti
- þjálfist í að skoða landakort og finni staði á því
- velti fyrir sér hvað séu fjöll og læri ýmis heiti á hólum, hæðum og fjöllum
- auki orðaforða sinn og þjálfist í að fletta upp lykilorðum
- skilji að fjöll eru mikilvægur hluti af íslenskri náttúru
- átti sig á að öll eru fjöllin ólík og hafa orðið til á ýmsa vegu
- Fáí að vita að það eru bæði innræn öfl (eldvirkni) og útræn öfl (rof) sem móta landið og skapa fjöllin
- skilji að saga þjóðarinnar er samofin landinu, brot af þjóðarsögunni er tengt hverju fjalli, fólki sem þar hefur búið, farið þar um, hræðst fjallið eða notið þess
- velti fyrir sér hvernig umhverfið hefur haft áhrif á fólk, mótað líf þess og veitt innblástur til listsköpunar
- fáí áhuga á eigin umhverfi og að hjá þeim kvikni löngun til að afla sér upplýsinga um fjöllin sem eru hluti af þeirra eigin umhverfi.

Komdu og skoðaðu sögu mannkynsins

Markmiðið er að nemendur:

- læri að saga jarðarinnar og lífs á jörðu er miklu lengri en saga mannsins
- þekki til upphafs og þróunar mannsins
- þjálfist í umfjöllun um tímamann og tímatal
- Átti sig á að til hafa verið fjölmörg mismunandi menningarsvæði í heiminum hvert með sína siði og venjur og ólíka stjórnunarhætti
- fáí örlítið að vita um ólík menningarsvæði á nokkrum stöðum og mismunandi tíma

- hafi heyrt af nokkrum sögufrægum persónum svo sem þjóðarleiðtogum, fornspekinum og landkönnuðum
- þekki til nokkurra sögulegra fornminja
- átti sig á þróun sögunnar allt frá frumstæðum, einangrunuðum samfélögum manna til nútíma tæknisamfélags

Trúarbrögðin okkar

Markmiðið er að:

- Nemendur kynnist helstu trúarbrögðum heimsins og þeim, lífsviðhorfum og þeirri menningu sem tengist þeim, m.a. í frásögnum af jafnöldrum
- Nemendur þekki helstu hátíðir kristinnar og siði og tákni sem tengjast þeim
- Nemendur temji sér umburðarlyndi í samskiptum við aðra, t.d. með því að fást við efni um góðvild, miskunnsemi, sannsögli og hjálpsemi og vandamál tengd einelti og baktali
- Nemendur fái fyrstu kynni af islam í frásögnum af jafnöldrum
- Nemendur fái þjálfun í því að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, með því að fást við efni sem tengjast jafnrétti og jafnstöðu og að ýtt sé undir kjark þeirra til þess að fylgja eigin sannfæringu
- Nemendur kynnist búddadómi og hindúasið í frásögnum af jafnöldrum
- Nemendur þroski með sér tillitssemi og nærgætni í samskiptum við aðra
- Nemendur læri að meta það sem vel er gert og öðlist hæfni til þess að hrósa og uppörva aðra
- Nemendur kynnist gyðingdómi í frásögnum af jafnöldrum.

Markmið að nemendur tileinki sér ákveðna hæfni (lykilorð/færni)

Að nemendur:

- sagt frá dæmum, um hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á hvernig fólk lifir
- geri sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni
- komi auga á nokkra þætti sem hafa haft áhrif á mannífið í tímans rás, svo sem umhverfi og skipulag samfélaga
- geri sér grein fyrir hvernig maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma hans byggist á samspilinu við hana
- geti sagt frá hvernig Ísland myndaðist og tekur breytingum
- átti sig á að trúar- og lífsviðhorf fólks birtast í mismunandi viðhorfum, siðum og venjum
- geti borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi
- átti sig á gildi samhjálpar í samfélaginu
- geti sett sig í spor annarra jafnaldra
- geti hlustað á og greint að, ólíkar skoðanir
- tjáð þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti
- tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi
- sýnt tillitsemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra

Ábyrgð nemenda (ætlast er til að nemendur)

Ætlast er til að nemendur séu virkir og sýni jákvæða hegðun í kennslustundum. Nemendur þurfa að tileinka sér snyrtilig og vönduð vinnubrögð ásamt virkri hlustun.

Markvisst er unnið með eftirfarandi grunnstoðir menntunar í kennslu og efnistöfum

Grunnpáttur	Dæmi um verkefni eða nálgun á tímabilinu í faginu (hvernig)	Virkt beint	Óbeint
Læsi	Nemendur lesa og skrifa fjölbreytta texta. Áhersla er á að nemendur geti notað hugtök úr náttúru- og samfélagsgreinum	X	

Sköpun	Nemendur fá tækifæri á að móta viðfangsefni og miðla þeim, búa til og gera eitthvað nýtt. Nemendur fá að uppgötva, njóta og örva forvitni og áhuga og virkja ímyndunaraflið í gegnum vinnu sína	X	
Lýðræði Mannréttindi	Nemendur taka virkan þátt í kennslustundum og hafa þannig áhrif á nám sitt. Þeir eru hvattir til að taka afstöðu til álitamála. Tekið er tillit til áhuga nemenda og þeir hvattir til ábyrgðar á eigin námi	X	
Jafnrétti	Nemendur fá tækifæri til að þroskast á eigin forsendum og rækta hæfileika sína. Unnið er að því að skapa námsumhverfi sem byggir á jafnrétti	X	
Heilbrigði og velferð	Í skipulagi námsins er tekið mið af þörfum nemenda svo allir fái tækifæri á að láta styrkleika sína njóta sín sem er lykilþáttur í að byggja upp sterka sjálfsmynd.		X
Sjálfbærni	Nemendur takast á við viðfangsefni sem lúta að samspili umhverfis og félagslegra þátta. Áhersla er á að nemendur þekki, skilji og virði náttúruna og samfélagið og geti haft áhrif á að skapa samábyrgt samfélag þar sem hver og einn getur haft áhrif	X	

Markvisst og reglulega er unnið með eftirfarandi lykilhæfni í kennslu og efnistöku

Lykilhæfni nemenda	Dæmi um útfærslu sem nýtt verður
Tjáning	Nemendur vinna verkefni sem þeir kynna fyrir samnemendum sínum. Nemendur hvattir til að vera ófeimin að spyrja spurninga og segja öðrum frá atburðum sem tengjast námsefninu hverju sinni. Lögð er áhersla á að láta nemendur ræða saman um námsefnið og orði hugsanir sínar, aðferðir og skilning út frá þeirri þekkingu sem þeir búa yfir.
Hlustun	Nemendur hlusta og fylgjast með í kennslustundum. Nemendur hlusta og fara eftir fyriræli kennara. Nemendur hlusta og fylgjast með kynningum samnemenda.
Miðlun upplýsinga og þekkingar	Nemendur gera grein fyrir niðurstöðum athuganna sinna.
Skapandi úrvinnsla	Lögð er áhersla að skapandi og sjónræna úrvinnslu sem nemendur fá að miklu leyti frjálssar hendur með
Gagnrýnin hugsun	Nemendur beita gagnrýnni hugsun um námsefnið og velti álitaspurningum fyrir sér
Sjálfstæði	Nemendur halda utan um eigin vinnu og bera ábyrgð á sínu hlutverki t.d. í hópavinnu. Lögð er áhersla á að nemendur geri sér grein fyrir til hvers er ætlast af þeim og hvað þeir eigi að læra.
Samvinna	Unnið er í hópum þar sem nemendur hjálpast að. Nemendur hvattir til að leita til hvers annars til að fá aðstoð
Nýting miðla og upplýsinga	Nemendur leita af upplýsingum í námsbókum og á veraldarvefnum
Ábyrgð á eigin námi	Nemendur halda utan um eigin vinnu og bera ábyrgð á sinni vinnu
Seigla/úthald	Nemendur hvattir til að gera ávallt sitt besta og gefast ekki upp.
Mat á eigin námi	Sjálfsmat

Helstu kennsluáðferðir

- | | |
|-----------------------------------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------|
| <input checked="" type="checkbox"/> Útlistunarkennsla | <input checked="" type="checkbox"/> Útikennsla/útinám |
| <input type="checkbox"/> Þulunám/þjálfunaræfingar | <input checked="" type="checkbox"/> Söguáðferð |
| <input type="checkbox"/> Innlifunaraðferðir. T.d. leiklist í kennslu og hlutverkaleikir | |
| <input checked="" type="checkbox"/> Umræða/spurnaraðferðir | <input type="checkbox"/> Kann, vill vita hef lært |

Leitarnám

Spil/námsleikir

Samvinnunám

Annað

Hvað? _____

Hópvænna

Þemanám

Verkef kennsla (LBD)

Samþætt markvisst við aðrar námsgrein

Hvaða? _____

Heimanám:

Daglega 2-3 sinnum í viku 1 sinni í viku 1 sinni til tvisvar í mánuði

Nánast ekkert Frjálst/ nemendastýrt Ekkert heimanám

Námsmat: Nemendur fá umsögn í lokin. Námsmatsaðferðir sem notaðar eru eru símat og sjálfsmat.

Hlutfall sjálfsmats:

Hlutfall verkefnaskila:

Hlutfall símats kennara:

Hlutfall lokamats:

Verkefnamappa og/eða vinnubækur:

Leiðsagnarmat nýtt: já () Nei ()

Helstu námsgögn/ námsveitur/ aðföng:

Komdu og skoðaðu landnámið

Komdu og skoðaðu land og þjóð

Komdu og skoðaðu sögu mannkyns

Komdu og skoðaðu fjöllin

Trúarbrögðin okkar

Önnur verkefni frá kennara

Arna Magnúsdóttir

Seyðisfjarðarskóli september 2019